

Sent til Mbl.is: 2.1.2020

Birt í Mbl: 7.1.2020

Skúli Jóhannsson

Email: [skuli@veldi.is](mailto:skuli@veldi.is)

Website: [www.veldi.is](http://www.veldi.is)

*Hugmyndin með þriðja orkupakkanum er verðlagning raforkuframleiðslu á neytendamarkaði og verðvilji raforkukaupenda*

## **Aftur um raforkumarkað**

Raforkumarkaður á Íslandi hefur verið í bígerð síðan 2003 eða í hartnær 17 ár, en er ennþá ókominn.

Landsnet hefur haft umsjón með verkinu nánast allan þann tíma.

Samkvæmt upplýsingum frá Landsneti gat raforkumarkaðurinn ISBAS farið í gang í nóvember 2008, en ákveðið var að fresta opnun hans í okt. 2008 vegna þjóðfélagsaðstæðna. Líklega hefur þar verið átt við efnahagshrunið mikla.

Á miðju ári 2018 réð Landsnet fyrirtækið Copenhagen Economics til ráðgjafar í málinu og ennfremur fyrirtækið Market Reform haustið 2019. Hvort hið fyrra var þar með dottið út, veit ég ekki.

Benda þessar ráðstafanir kannski til að undirbúningur haustið 2008 hafi ekki verið kominn langt á leið? Því miður var niðurstaða þeirrar vinnu ekki kynnt á opinberum vettvangi, að því mér skilst.

Vonandi verður kynningu á nýjum raforkumarkaði frá hendi þessara aðila með eðlilegum hætti en ekki drekkt í lýsingum á viðskiptahluta verkefnisins og þá kannski bara til þess að fela vanþekkingu á aðalmálinu.

En hvað sem öllu líður þá er ekki við því að búast að fyrsta útgáfa af raforkumarkaði verði hin endanlega, en markaðurinn þarf að fá að þróast með eðlilegum hætti fyrstu árin.

## **Raforkumarkaðurinn**

Væntanlegur raforkumarkaður með uppboðsformi á Íslandi er talinn vera flókinn í hönnun, uppsetningu og rekstri, einkum af þremur ástæðum:

1. Raforkan er unnin úr endurnýjanlegum orkugjöfum, aðallega vatnsföllum og jarðgufu.
2. Markaðshlutdeild Landsvirkjunar er yfirgnæfandi.
3. Markaðurinn er lítill.

Fyrsta atriðið mætti leysa með útreikningum á vatnsgildi samkvæmt stöðluðum íslenskum langtímalíkönunum en laga þau síðan til þannig að þau henti einnig skammtímaviðhorfum í rekstri bæði milli daga og innan hvers dags. Þetta hef ég sjálfur prófað með ágætum árangri.

Annað atriðið þarf ekki að vera óyfirstíganlegt í sjálfu sér, en þar ætti að vera vel hægt að koma fyrir þröskuldum gegn markaðsráðandi stöðu fyrirtækisins, sem er 100% í eigu ríkisins.

Ég hef heldur ekki áhyggjur af þriðja atriðinu, en ef hönnun og uppsetning markaðarins verður leyst með sæmilegum hætti þá er fátt að óttast. Ef framleiðendur og neytendur munu verða varir við fjárhagsleg viðbrögð frá markaðnum, sem eru rökrétt og samkvæm, þá mun málið leysast sjálfu sér. Allir hagnast og það ræður eins og fyrr.

### **Staðan í dag**

1. janúar 2020 var Landsvirkjun að keyra kerfið með fyllingu miðlunar í Þórisvatni 72%, Blöndu 71% og Kárahnjúkum 81%. Allt er gott um það að segja, ekkert að gerast og engin hætta fyrrsjáanleg, sem gæti haft neikvæð áhrif á raforkuframleiðsluna. Það er ákveðinn lúxus falinn í því að hafa yfir að ráða ofvöxnu kerfi fyrir markaðinn á hverjum tíma, en vonandi er það bara tímabundið þar til nýr raforkumarkaður kemur til aðstoðar.

Svona til viðmiðunar þá segir reiknilíkan, sem ég hef verið að prófa mig áfram með, að vatnsgildi þessara miðlana verði þá við núverandi aðstæður: Þórisvatn 32 USD/MWh, Blanda 25,60 USD/MWh og Kárahnjúkar 24,80 USD/MWh. Verðin gætu þannig haft áhrif á endanlega verðlagningu raforku á neytendamarkaði. Þessi aðferð við verðlagningu vatns í miðlunum er einstakur fyrir Ísland og varla að búist við að hægt verði að flytja inn hráar erlendar lausnir til að leysa það verkefni.

Þessar niðurstöður er byggðar á útreikningum með 50 árum af vatnsrennsli og með eins dags uppskiptingu. Skammtímaútfærslan er einföld viðbót sem reyrir sig við langtímalíkanið í annan endann og í hinn endann við einfaldar staðreyndir eins og að missa ekki vatn á yfirfalli síðla sumars eða á haustin nema nauðsyn krefji, t.d. vegna fiskigengdar neðar í vatnsfallinu eða vegna sértækra umhverfissjónarmiða.

Reyndar lagði ég þessar tillögur fram á fundi hjá Landsneti í nóvember 2018 við dræmar undirtektir.

Ég veit hreinlega ekki hvort skilningur á verkefninu sé fyrir hendi og á því um hvað málið snýst. Ef menn skilja ekki verkefnið þá er ekki unnt að mæla árangur þess og ekki heldur að komast að því hvað muni gerast við breyttar forsendur.

### **Vægi þriðja orkupakkans**

Vafalaust mun hið nýja rekstrarform, sem á eftir að skapast með tilkomu þriðja orkupakkans, leiða til þess að raforkukerfið verði keyrt djarfar en áður í samræmi við aukna verðmeðvitund og minni ríkisafskipti, og er það vel. Rekstrarákvarðanir, sem áður voru teknar í nú reyklusum bakherbergjum Landsvirkjunar, munu færast yfir til markaðarins. Hvernig það mun eiga sér stað er viðfangsefnið við hönnun og uppsetningu markaðarins, og er best að vona að vel muni til takast.

Hugmyndin með þriðja orkupakkanum er að verðlagning raforkuframleiðslu og verðvilji raforkukaupenda muni hafa bein áhrif á rekstur orkuöflunarkerfisins. Bæði til skamms tíma til að hafa áhrif á rekstur hvers dags og jafnvel innan dags eins og verkast vill, en jafnframt til lengri tíma við tímasetningu og staðsetningu næstu framkvæmda í orkuöflun.

Með þetta í huga þá er staðreyndin sú að ef við reynum að markaðssetja séríslenskt viðskiptakerfi á raforkumarkaði þá fengi það ekki jafnháan gæðastimpil og fæst á með Þriðja orkupakkanum. Þarna ættu sjálfsögð viðskiptasjónarmið að fá að ráða.